

Námsgrein / Heildstætt verkefni: Skrímslið kemur

Tímabil: Haustönn 2023

Námsmarkmið sem unnið verður með:

Í þessu verkefni samþættum við íslensku, dönsku, ensku, stærðfræði, samfélagsgreinar ásamt listgreinum. Nemendur lesa bókina skrímslið kemur. Vinna með viðfangsefni bókarinnar bæði á ensku og dönsku. Í verkefninu kynnumst við m.a. dauðasyndunum 7 og höfuðdyggðunum 7. Við lærum um ótta og hvernig við getum tekist á við hann. Köfum í ólík fjölskyldumynstur, lærum um tíma og tímabelti. Við kynnum okkur hvernig orðaforði getur nýst okkur til þess að breyta dauðum hlutum í lifandi verur og nýtum okkur myndmál í þeirri vinnu. Við kynnum okkur frumur og fræðumst um sjúkdóma. Verkefnið reynir mikið á áhuga nemenda til að kafa í viðfangsefni bókarinnar ásamt skapandi vinnubrögðum.

Verkefni:

Hér verða talin upp einstök verkefni sem unnin verða á tímabilinu, listinn er ekki tæmandi

- Lesa/hlusta á bókina Skrímslið kemur
- Lesa kafla úr bókinni á ensku
- Flæðiritun í dagbókarstíl
- Lærum um myndmál í bókmenntum
- Vinnum orðaský og setningaský úr bókinni
- Fræðumst um rökhugsun
- Vinnum verkefni á dönsku út frá martröðum
- Horfum á kvikmyndina A monster calls (Skrímslið kemur)
- Lærum um tímaútreikninga í stærðfræði
- Lærum um baugnetið og tímabeltin
- Gerum teikningar sem tengjast efni bókarinnar
- Kynnumst dauðasyndunum og höfuðdyggðunum
- Vinnum útdrætti úr köflum bókarinnar

Námsefni/kennslugögn:

Íslenska:

- Skáldsagan Skrímslið kemur
- Hugfinnur
- Glærur og efni frá kennara

Stærðfræði

- Skali 2A

Danska

- Smil
- Ljósritað efni frá kennara

Enska

- Kaflar úr bókinni A monster calls
- Kvikmyndin A monster calls

Samfélagsgreinar

- Þjóðfélagsfræði
- Landfræði 1. hefti
- Ýmislegt efni frá kennara

Náttúrufræði

- Mannlíkaminn

Listgreinar

- Ýmsar hugmyndir frá kennurnum varðandi skapandi vinnubrögð

Námsmat

Námsmatið verður fjölbreytt. Gera má ráð fyrir ýmsum tegundum mats svo sem leiðsagnarmati, sjálfsmati og lokamati varðandi skapandi skil.
